

Arctic Sea Farm hf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

18. nóvember 2025
UOS2501686/M.S.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 26. ágúst 2025 – Arctic Sea Farm Dýrafirði ID 192

Þann 26. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í Arctic Sea Farm hf., Dýrafirði, í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Átta frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Ólíutunnur voru ekki geymdar á lekabyttum á fóðurprömmum við Eyrarhlíð I og Eyrarhlíð II, einnig voru efni geymd á gólfinu án lekabytta í Eyrarhlíð II.
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Hvíldarsýnartaka barst eftirlitsaðila 3 mánuðum eftir útsetningu eða 20. ágúst 2024 og er frávikinu því lokað.
3. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara en sett var í kvíarnar 26. apríl til 30. maí 2024 en tilkynning barst eftirlitsaðila 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.
4. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Ófullnægjandi upplýsingar voru í ársyfirliti, framleiðslumagn var ekki skráð.
5. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað inn 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.
6. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.
7. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Ófullnægjandi skráningar voru í grænu bókhaldi. Sundurliðun á notkun hættulegra efna var ekki tilgreind á hvert starfsleyfi heldur deilt jafnt milli fjögurra starfsleyfa eða framleiðslusvæða; Dýrafjörður, Arnarfjörður, Patreksfjörður og

Tálknafjörður og Ísafjörður.

8. Samkv. Reglugerð nr. 990 viðauki I, 7 b Þar sem framleiðslugeta er yfir 1000 tonn á að skila útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí. Útstreymisbókhaldið fyrir árið 2024 barst ekki fyrr en 24. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10. desember 2025.

Virðingarfyllst,

María Svavarsdóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits